



3. Almennt um Varmamót.



Opið mót.


Stærðir og gerðir Varmamóta.

Varmamót er mjög fjölbreytt byggingakerfi og stöðugt er unnið að því að finna sem hagkvæmastar lausnir á öllum byggingarstigum. (Sjá nánar 9.kafli sem er yfirlit yfir kerfi Varmamóta).


Eins og sjá má á myndinni hér til hliðar er úrvalið í byggingakerfinu mikið. Mótin eru merkt ytra-máli og innra máli (steypumál). T.d VM250/150 hefur ytra mál 250mm og steypumál 150mm.

Opið mót.


Í uppslátt eru aðallega notuð opin mót þannig að steypri kjarninn í veggnum myndar órofna heild.



Endamót.



Horn.



Súlur.

Endamót.


Til lokunar á endum veggja, til að loka glugga- og hurðargötum eru notuð endamót.

Horn.


Við gerð horna í uppslátt er fljótlegast að nota hornamót. Hornamót eru annað hvort hægra- eða vinstra-horn. Til þess að mótin skarist þegar hornamótum er raðað upp þarf að nota hægra- og vinstra-horn til skiptins.

Súlumót.


Súlur eru fáanlegar í stærðunum 20, 25, 30, 40, 50, 60 og 70 sm. Þær flýta verulega fyrir uppslátti á milli glugga.



Tvöfalt mót.



Millistykki, tengir saman 250mm og 300mm vegg.



Opið sökkulmót.

Tvöföld mót.


Notað í þennsluveggi stærri bygginga þar sem hætt er við að veggir sprynghi vegna þennslu á steypumassa.

Millistykki.

Tengir saman 25sm og 30sm mót. Hentar vel við að tengingja sökkul við útveggi þegar gólfplata er fljótandi.

Sökkulmót.

Fáanleg eru Varmamót með 20sm og 30sm steypukjarna, sem notast í sökkla og þar sem þörf er á þykkum vegg.



Enda sökkulmót.




Frauðplastlok 50x150mm og 50x250mm.

Enda sökkulmót.


Sökkulmótin eru einnig fánleg með lokuðum endum.

Frauðplastlok.

Fyrir ofan glugga og hurðir eru sett lok úr tregbrennanlegu einangrunarplasti. Renningarnir eru lagervara hjá Varmamótum.



Dæmi um hvernig mótin eru sniðin t.d. á milli glugga.



Skörun móta í T-vegg.

Að vinna með Varmamót.

Þegar mótunum er raðað upp verður skörun þeirra að vera minnst þrjár tappar. Afar auðvelt er að saga mótin með handsög eða vélsög. Á mótunum eru sögunarrákir með 5sm millibili lóðrétt og lárétt, ætíð skal fylgja þeim þegar mótin eru söguð.


Þar sem loka þarf endum t.d. við hurðir og glugga eru notuð endamót eða súlur. Þegar bil milli glugga er stærra en 70sm er ekki hægt að nota súlumót. Verður þá að sníða 120sm löng endamót. Ef bil milli glugga er meira en 120sm þarf að saga endamót í sundur og setja einingu inn á milli.

Þar sem tengja þarf burðarvegg við útvegg er skarð rofið í mót útveggjarins þar sem burðarveggurinn á að tengjast honum. Nauðsynlegt er að skörun móta á samskeytunum víxlist þannig að horn samsetningarinnar nái að læsast.


- 1 Burðarveggurinn gengur inni útvegginn.
- 2 Burðarveggurinn gengur að útveggnum.
- 3 Styrkja þarf mótið þar sem tengið er sagað af.



Járnum raðað í mótin.



Sökkulskauti komið fyrir.




Stýriplata notuð til að skorða af lóðréttu járnin.

Járnabinding.


Í sökkulinn þarf meiri járnabindingu en í uppsteypu veggina sem síðar koma. Neðstu járnin eru sökkulskautsjárn.

Ágætis aðferð við að koma sökkulskautinu fyrir er að festa járnin saman áður en fyrstu mótariðinni er komið fyrir. Síðan er sökkulskautsjárnin bundin upp undir neðstu mótin. Þá eru láréttu járnin lögð í þar til gerðar raufar í mótunum og lóðréttu járnunum er stungið ofan í sökkulmótin þegar steypan er komin í þau.


Þegar sökkullinn hefur verið steypur, ásamt gólfplötu og fyrstu mótarið veggja, þarf að koma fyrir stýriplötum fyrir lóðréttu járnin. Láréttu járnin skorðast af í nælontengi en lóðréttu járnin koma innanvert við láréttu járnin og stýrast af stýriplötum sem komið er fyrir ofan á neðsta mótin.



Stýriplötum komið fyrir í mótunum.



Stýriplata.



Neðsta járnin í uppslættinum látið styðja við lóðréttu járnin, þegar stýriplöturnar eru ekki notaðar

Þegar sökkullinn hefur verið steypdur, ásamt gólfplötu og fyrstu mótarið veggja, þarf að koma fyrir stýriplötum fyrir lóðréttu járnin. Láréttu járnin skordast af í nælontengi en lóðréttu járnin koma innanvert við láréttu járnin og stýrast af stýriplötum sem komið er fyrir ofan á neðsta mótið.


Stýriplöturnar fyrir lóðrétt járn klemmast á milli mótaraðar 1 og 2 fyrir ofan gólfplötu.

Ef stýriplöturnar eru ekki notaðar má gera eins og sýnt hér til hliðar. Það er að neðstu láréttu járnin í uppslættinum eru höfð einu bili innar á nælontengjunum og fæst þannig stuðningur við lóðréttu járnin þegar þeim er stungið niður í mótið.


Þéttleiki járnabindingar ræðst af kröfum burðarþolshönnuðar. Þegar um einfalda járnabindingu er að ræða eru járnin höfð nær kaldari hluta vegginsins. Vinkla þar sem veggir myndu T skal leggja á víxl.

Dæmi um mismunandi járnabindingu.


Teikningarnar hér að neðan sýna nokkra möguleika á járnabindingu. Mynd a) sýnir algengustu aðferðina einfalda járnagrind 30x30sm.




a) 90° Horn einföld járnabinding 300x300.



b) T-Samskeiti einföld járnabinding 150x300.



a) 90° Horn tvöföld járnabinding 150x300.



b) T-Samskeiti, tvöföld járnabinding 150x300.
tengist við einfalda járnabindingu 150x300.




Steypu í mótin.

Að steypa í mótin.

Þegar steypu er í mótin er mikilvægt að hlífa samsetningar töppunum og halda þeim hreinum. Það getur maður gert með því að pinna plastborða eða líma yfir tappana með breiðu límbandi. Einnig hafa verktakar látið útbúa blikkhlífar sem notast aftur og aftur.

Nota skal S250 steypu með fullu floti. Mikilvægt er að kornastærð steypunnar fari ekki yfir 16-18 mm. Þarf þá ekki að “víbra” hana. Nægjanlegt er að þjakkka í hana með stöngum.

Þegar steypu er dælt í mótin er ekki ráðlegt að dæla of miklu magni á sama stað heldur skal fara nokkrar umferðir (hringi) og dæla í mesta lagi 50 sm í hverri umferð.



Æskileg staðsetning dælu yfir mótunum.

Best er að dæla steypunni niður við lóðréttu stöðirnar sem halda við vegginn þar er styrkurinn mestur.